

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (622. mál)

Öll starfsemi umboðsmanns skuldara snýst um vinnslu persónuupplýsinga gagnvart þeim einstaklingum sem til embættisins leita. Þeir lagabálkar sem um starfsemina gilda eru lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, lög um greiðsluáðlögun einstaklinga nr. 101/2010 og lög um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014. Í þessum lagabálkum er vísað til þess að embættið skuli afla samþykkis umsækjanda fyrir öflun nauðsynlegra upplýsinga frá þriðja aðila vegna hlutaðeigandi umsóknar um úrræði. Um langt skeið hefur legið ljóst fyrir að samþykki í skilningi þessara lagabálka myndi ekki uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 (GDPR) og tilvonandi nýrrar persónuverndarlöggjafar, um að vera „óþvinguð“ viljayfirlýsing, þar sem umsækjendur eiga ekki kost á að sækja um úrræði nema veita samþykkið.

Vegna þessa hefur embættið í samstarfi við velferðarráðuneytið unnið að breytingum á ákvæðum framangreindra lagabálka, með það að markmiði að embættið fengi skýrar lagaheimildir fyrir öflun og vinnslu persónuupplýsinga og samhliða yrðu lagaákvæði um samþykkisyfirlýsingar frá umsækjendum felldar niður. Tillögur að þessum lagabreytingum gagnvart umboðsmanni skuldara og fleiri undirstofnunum ráðuneytisins voru sendar til dómsmálaráðuneytisins í bandorninum svokallaða, sem kvað á um efnisbreytingar á lagaákvæðum vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar. Ljóst er að þær breytingar voru ekki lagðar til samhliða frumvarpi til nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í greinargerð með umræddu frumvarpi er rakið að yfirferð samráðshópsins hafi leitt í ljós að gera þurfi efnislegar breytingar á ákvæðum sérlaga en eingöngu hafi verið lagðar til lágmarksbreytingar sem eru nauðsynlegar vegna tilvísana til gildandi laga. Ljóst sé hins vegar að efnisleg endurskoðun á ákvæðum sérlaga sé að öðru leyti verkefni sem þurfi að huga að í fleiri áföngum á næstu misserum.

Embættið er ekki með vitneskju um af hverju dómsmálaráðuneytið lagði ekki til þær efnislegu breytingar á ákvæðum sérlaga, sem búið var að vinna að síðustu misseri og voru tilbúnar fyrir þinglega meðferð. Ef ný persónuverndarlög taka gildi, án þess að embættið hafi fengið viðhlítandi lagaheimild fyrir öflun persónuupplýsinga, telst embættið brjóta gegn löggjöfinni, með því að afla þvingaðs samþykkis fyrir öflun persónuupplýsinga, líkt og mælt er fyrir um í framangreindum lagabálkum.

Með tilliti til framangreinds áttar embættið sig ekki á hvernig það á að haga innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá embættinu, m.t.t. fræðslu í persónuverndarstefnu o.fl. Ljóst er að það felst mikil vinna í að mæta kröfum nýrra laga, þá einkum ef embættið þarf að mæta tímabundnu ástandi án viðhlítandi lagaheimildar fyrir vinnslu persónuupplýsinga, meðan beðið er eftir að lagt verði fram frumvarp með tillögum að fullnægjandi lagaheimildum fyrir embættið.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara